

innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri
aðför að lögum.

Föstudaginn 27. febrúar 1976.

Nr. 29/1976. **Valdstjórnin**
gegn
Þórönnu Bjarnfreðsdóttur og
Ólafi Gestssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og
Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Húsleit. Barnaverndarmálefni.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga
nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4.
febrúar 1976, sem barst Hæstarétti sama dag. Krefjast þau
þess, að úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. febrúar 1976
verði úr gildi felldur og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur krafist staðfesting-
ar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn, þar á meðal
greinargerð frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Síðustu
skjöl bárust Hæstarétti 18. febrúar 1976.

Um miðjan september 1975, að því er ráðið verður af gögn-
um máls, var drengnum Bjarnfreði Ólafssyni komið til dval-
ar hjá hjónunum Guðrínu Benjamínsdóttur og Lárusi Bjarn-
freðssyni, Lambastaðabraut 2, Seltjarnarnesi. Á fundi Barna-
verndarnefndar Reykjavíkur 15. september 1975 var gerð
svohljóðandi bókun: „Barnaverndarnefnd Reykjavíkur sam-
þykkir að vinna að því, að drengurinn Bjarnfreður fari í
varanlegt fóstur til Lárusar Bjarnfreðssonar og Guðrúnar

Benjamínsdóttur, Lambastaðabraut 2, Seltjarnarnesi“. Í framhaldi af þessu ritaði Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hjónum þessum bréf 1. október 1975, þar sem segir: „Það tilkynnist yður hér með, að drengurinn Bjarnfreður Ólafsson, f. 17. 11. 1967, er kyrrsettur hjá yður, og er yður óheimilt að láta drenginn fara frá yður án samþykkis Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, þar til annað verður ákveðið“. Dvaldist drengurinn á heimili þessu til 29. janúar 1976, er varnaraðiljar tóku drenginn til sín gagnstætt fyrirmælum barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Á fundi 2. febrúar 1976 samþykkti barnaverndarnefnd Reykjavíkur með vísan til 26. gr. laga nr. 53/1966, að drengurinn skyldi tekinn frá varnaraðiljum og fluttur á upptökuheimili til rannsóknar á heilsufari hans. Segir í samþykkt þessari, að áður hefði verið ákveðið, „að drengurinn skuli fara í rannsókn hjá geðdeild barnaspítala Hringins, en for-eldrar hafa neitað samvinnu um slíka rannsókn“.

Háttsemi varnaraðilja, sem lýst er hér að framan, kann að verða talin brot á 3. mgr. 49. gr. laga nr. 53/1966. Voru því samkvæmt lögjöfnun frá 48. gr. laga nr. 74/1974 skilyrði til að úrskurða, að húsleit mætti gera í íbúð varnaraðilja í því skyni, sem greint er í hinum kærða úrskurði. Ber því að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. febrúar 1976.

Ár 1976, þriðjudaginn 3. febrúar, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur í bréfi til dómars, dags. í dag, tilkynnt, að hjónin Ólafur Gestsson og Þórunna Bjarnfreðsdóttir, Njálsgötu 40, hafi sl. fimmtudag tekið í heimildarleysi son sinn Bjarnfreð, fæddan 7. nóv. 1967, frá Lambastaðabraut 2 á Seltjarnarnesi, þar sem nefndin hafði komið honum fyrir hjá Guðrúnu Benjamínsdóttur, og haldi honum síðan á

heimili sínu. Er þess jafnframt krafist, að úrskurðað verði, að opna megi með lögregluaðstoð íbúð þeirra.

Með bréfi nefndarinnar fylgir ljósrit af bréfi nefndarinnar til umræddra hjóna, dags. í dag. Er þeim þar tilkynnt sú samþykkt nefndarinnar, að barnið skuli skv. 26. gr. barnaverndarlaga flutt frá Njálsgötu 40 og dveljast fyrst um sinn á upptökuheimili. Í samþykktinni kemur einnig fram, að hjónin hafi í heimildarleysi tekið barnið frá Guðrúnu Benjamínsdóttur, þar sem það hafi verið kyrsett af barnaverndarnefnd 15. sept. sl.

Þeim Ólafi og Þórönnu var stefnt fyrir dómþing þetta, en Þóranna hringdi til dómars og tilkynnti, að hvorugt mundi koma.

Sú háttsemi, sem þau Ólafur Gestsson og Þóranna Bjarnfreðsdóttir eru borin, þ. e. að taka barn sitt gagnstætt fyrirmælum barnaverndarnefndar og flytja það heim til sín, kann að verða talin brot gegn 193. gr. alm. hegningarlaga. Þykir því rétt að úrskurða skv. lögjöfnun frá 48. gr. laga nr. 74/1974, að húsleit megi fara fram í íbúð Ólafs og Þórönnu, til þess að syni þeirra Bjarnfreði verði náð úr umráðum þeirra.

Úrskurðarorð:

Húsleit má gera í íbúð Þórönnu Bjarnfreðsdóttur og Ólafs Gestssonar, Njálsgötu 40, til þess að taka son þeirra Bjarnfreð, fæddan 7. nóv. 1967, úr umráðum þeirra.
